

Kerlingarfjöll ehf,
Bollagörðum 6
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202202-083/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Kerlingarfjöll - efnistaka - Ásgarður

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Kerlingarfjalla ehf, dagsett 7. febrúar 2022, um leyfi til efnistöku í Kerlingarfjöllum.

Kerlingarfjöll eru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sbr. auglýsing nr. 822/2020. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Efnistaka er heimil þar sem efnistökusvæði eru skipulögð í gildandi aðalskipulagi. Efni úr námum innan verndarsvæðisins má einungis nota til viðhalds vega og slóða innan verndarsvæðisins og í vegi og slóða sem tengjast því. Jafnframt er efnistaka til uppbyggingar og viðhalds innan svæðisins heimil úr Ásgarðsá að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins, nema með sérstöku leyfi. Framkvæmdir á verndarsvæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til efnistöku úr tveimur námum E39 (eyrar Ásgarðsár) og E40 (við Jökulfall norðan Ásgarðs). Um er að ræða skilgreindar námur í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tilgangur efnistöku eru fyrirhugaðar framkvæmdir við aðstöðu fyrirtækisins í Ásgarði, viðhald og lagfæringu umferðarmannvirkja innan svæðisins, lagning og viðhald gönguleiða á svæðinu, veglagning aðkomuslóða að aðstöðuhúsi Umhverfisstofnunar og í aðra ótilgreinda innviði. Áætluð efnistaka úr E39 eru 8000 m³ árið 2022 og 2000 m³ árið 2023. Efnið færi í púða undir byggingar og fyllingar að húsum. Áætluð efnistaka úr E40 yrði 4000 m³ árið 2022 og 1500 m³. Efnið yrði nýtt í til viðhalds og uppbyggingar gönguleiða, bílastæða og vega innan svæðisins. Að verkinu kæmu 6-8 manns. Tæki sem nýtt verða við framkvæmdina munu keyra eftir vegum og slóðum sem fyrir eru á svæðinu og innan efnistökusvæðana.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og ásýnd svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Efnistakan mun fara fram á skilgreindum efnistökusvæðum. Um er að ræða lifandi árfarvegi svo trygg er að ummerki efnistöku verði að nær öllu leyti horfin innan árs, líkt og reynsla af notkun þessara svæða sýnir.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Kerlingarfjöllum ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir efnistöku innan landslagsverndarsvæðisins í Kerlingarfjöllum sbr. lýsingu hér að ofan og gildir það frá dagsetningu þessa bréfs til 30. október 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á efnistökustöðum um að svæðið sé náma á meðan efnistakan fer fram og unnið er í þeim.
- Einungis skal aka tækjum vegna efnistökuar að og innan skilgreinds efnistökusvæðis.
- Afmá skal slóða sem liggja að efnistökusvæðunum að framkvæmd lokinni.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar. Skilja skal við efnistökusvæðið á þann veg að tryggt sé að ummerki efnistökuar hverfi sem hraðast. Ekki skal skilja eftir t.d. hóla og manngerða pytti sem hafa áhrif á ásýnd áreyranna og tefja fyrir endurheimt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Vegna framkvæmda innan þjóðlendu gæti þurft leyfi forsætisráðuneytisins skv. lögum nr. 58/1998.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur